



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
í hátíðarkvöldverði
Haraldar V. Noregskonungs
8. apríl 2025**

Yðar hátignir,
yðar konunglegu tignir,
Ástríður prinsessa,
herrar mínir og frúr.

[Á norsku:] Ég vil í upphafi segja nokkur orð á norsku til að lýsa þakklæti mínu fyrir hlýlegt og rausnarlegt boð yðar hátigna sem er okkur hjónum bæði heiður og til mikillar gleði. En með góðfúslegu leyfi konungs og drottningar vil ég gjarnan halda ræðu minni áfram á íslensku.

Íslenska stendur næst þeim tungum sem talaðar voru á Norðurlöndum til forna. Á Íslendingum hvílir því sú ábyrgð að viðhalda íslenskunni, ekki aðeins sem móðurmáli með öllu sem því fylgir fyrir þjóð, heldur einnig til að gæta sameiginlegrar arfleifðar norrænna þjóða.

Við hjónin þökkum og fögnum því að vera boðið til Noregs, þessa stórbrotna og fallega lands, og mega heimsækja vinþjóð sem Íslendingar bæði virða og þykir vænt um. Þið Norðmenn eruð kannski eins og eldra systkini sem er traust og góð fyrirmynd. Mér koma í hug kostir eins og sjálfsagi, ráðdeild, skipulag og gleði sem prýða Norðmenn í ríkum mæli og fleiri mættu tileinka sér.

Á lokaári í háskóla í Bandaríkjunum leigði ég íbúð með tveimur norskum strákum, þeim Snorre og Jakob. Þeir voru lifandi dæmi um þessa mannkosti. Þeir tóku alla virka daga snemma, smurðu sér nesti, brauð með mysuosti, og lögðu svo allt sitt í námið svo að þegar helgin kom höfðu þeir nógan tíma til að skemmta sér vel. Því miður get ég ekki sagt að sami agi, skipulag og ráðdeild hafi einkennt mig á þessum tíma en um gleðina vorum við ávallt sammála.

Þótt við séum að sumu leyti ólík, þá eru tengsl norsku og íslensku þjóðanna einstök – við erum runnin af sömu rót og saga okkar samofin. Íslendingar sóttu strax í upphafi mikið til Noregs og enn þykir Íslendingum nærtækt að leita til Noregs til viðskipta eða dvalar. Afí minn var einn þeirra íslensku útgerðarmanna sem sóttu sín skip til Noregs um miðja síðustu öld. Það er við hæfi að í för með okkur í þessari ríkisheimsókn er viðskiptasendinefnd sem horfir til framtíðarsamstarfs þjóðanna bæði í bláa og græna hagkerfinu. Í dag búa um níu þúsund Íslendingar hér og eru Norðmönnum þakklátir fyrir þá hlýju og gestrisni sem þeir njóta.

Og það gleður okkur sérstaklega að sjá Ingrid Alexöndru prinsessu hér í gestgjafahlutverkinu í fyrsta sinn, 21 ári eftir að hún fór í sína fyrstu opinberu heimsókn erlendis til Íslands. Þetta er falleg tenging og vekur með okkur von um áframhaldandi vinasamband komandi kynslóða.

Hin sterku tengsl Noregs og Íslands kristallast í Heimskringlu Snorra Sturlusonar, þar sem hann rekur sögu Noregskonunga frá örófi alda fram á 12. öld. Fjölbreyttar lýsingar á mönnum og málefnum varpa ljósi á tíðaranda, hugarfar og gerðir manna á liðnum tímum og eru órjúfanlegur hluti okkar sameiginlegu arfleifðar.

Straumhvörf urðu eftir áratuga ófrið og átök valdaætta á Íslandi þegar við gengum Hákonu gamla Noregskonungi á hönd með samþykkt Gamla sáttmála árið 1262. Þeim samningi var ætlað að tryggja frið og vera báðum þjóðum í hag. Þrátt fyrir allt sem á eftir kom, hafa Íslendingar alltaf litið á „frændur vora Norðmenn“ sem trausta bandamenn. Ekki aðeins vegna blóðskuldleika, heldur einnig vegna þeirrar vináttu sem ríkt hefur milli þjóðanna – og leyfi ég mér að minna á að orðið „frændi“ vísar ekki aðeins til skyldleika heldur þýðir það einnig vinur og á uppruna í orði sem merkir að elska.

Þó að vinátta sé eitt það dýrmætasta sem við eigum og allar forsendur ættu að vera til staðar til að rækta hana, stöndum við nú frammi fyrir auknum einmanaleika og rofi á tengslum einstaklinga við samfélag sitt. Þetta á ekki síst við um ungmenni. Þessa þróun má að einhverju leyti rekja til tæknibreytinga og mikillar notkunar á snjallsímum og samfélagsmiðlum, sem í stóra samhenginu tengja okkur saman, en hafa um leið leitt til vaxandi vanlíðunar, ofbeldis og sundrunar. Við þurfum öll að hjálpast að við að snúa þessari þróun við. Ég hef sett af stað hreyfingu á Íslandi, sem kallar sig riddara kærleikans, til að mæta þessum aðstæðum með mennsku og kærleika. Riddarar kærleikans hvetja öll þau sem vilja draga úr ofbeldi og bæta andlega líðan til að taka þátt, hlúa hvert að öðru og velja vel bæði orð sín og gjörðir. Við stöndum jafnframt fyrir áhrifaríkum samtölum milli ólíkra hópa, kynja og kynslóða, þar sem hverjum þátttakanda er gefið rými til að tjá sig og æfa sig í að hlusta af athygli og sýna sjónarmiðum annarra virðingu.

Að kunna að hlusta á ólík sjónarmið og finna leiðir til að jafna ágreining er forsenda friðar í samskiptum manna. Á því sviði hafa Norðmenn sannarlega gegnt forystuhlutverki. Árleg afhending friðarverðlauna Nóbels í Ósló dregur athygli heimsbyggðarinnar að mikilvægum friðarverkefnum og norskir sáttasemjarar njóta aðdáunar vegna þrotlausra friðarumleitana í erfiðum deilum á alþjóðavettvangi.

Veröldin vígbýst nú sem aldrei fyrr. Eitt sinn var talað um vítisvélur en nú eru það ekki síður vélvitið og upplýsingaóreiðan sem klýfur fólk í fylkingar. Fram undan er barátta fyrir réttlæti og friði á öllum vígstöðvum, innan þekkingarheimsins, stjórnmalanna og meira að segja á sviði lista og menningar. Norðurlönd hafa alla burði til að mæta þessum áskorunum bæði í orði og á borði. Nú ríður á að hvika ekki frá þeim gildum sem liggja til grundvallar samfélagsþróun Norðurlanda á undanförunum áratugum. Við höfum sýnt að hægt er að byggja upp réttlátt og friðsælt samfélag þar sem jafnrétti og virðing fyrir fólki og náttúru eru höfð að leiðarljósi. Áherslan á mannréttindi, lýðræði, samfélagslega ábyrgð, menntun og þekkingu, sem byggir á vísindum, eru grunnstoðir samfélaga okkar.

Norræna módelið gengur upp, við setjum fordæmi sem vert er að fara eftir. Við höfum náð frábærum árangri í velsæld og verum þar efstu sæti heims. Með því að sameina raddir okkar og krafta enn betur getum við aukið áhrifamátt Norðurlanda til góðs á tvísýnum tímum.

[Á norsku:] Framtíðin er björt ef maður horfir til hennar með bjartsýni. Það er ekki auðvelt verkefni en eftir allt sem við höfum gengið í gegnum fram til þessa, veit ég að við klárum það verkefni líka vel.

Á þeim nótum bið ég gesti að lyfta glösum til heiðurs hans hátign Haralds fimmta Noregskonungi, Sonju drottningu og norsku þjóðinni. Við þökkum fyrir tólf hundruð ára trausta vináttu, megi hún vara alla tíð!